



Bólusetningarvottorð við nýráðningu á Landspítala

Til að tryggja heilbrigði starfsmanna og öryggi sjúklinga og fara að tilmælum sóttvarnalæknis (dreifibréf Landlæknis nr. 3/2011. Bólusetning heilbrigðisstarfsmanna) gerir Landspítali kröfu um að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir starfsmenn sem koma að umönnun eða umgangast veika sjúklinga, uppfylli eftirfarandi bólusetningar og skili bólusetningarvottorði því til staðfestingar við nýráðningu.

Tryggt skal að einstaklingur sé fullbólusettur gegn eftirtöldum sjúkdómum:

- Barnaveiki (Diphtheria)
- Stífkrampi (Tetanus)
- Kikhósti (Pertussis)
- Mænusótt (Polio)
- Mislingar (Morbilli)
- Hettusótt (Parotitis epidemica)
- Rauðir hundar (Rubella)
- Lifrabólga B (hepatitis B)
- Pneumókokkasýkinga (60 ára og eldri í samráði við eigin lækni á eigin kostnað)

Endurbólusetningar:

Endurbólusetningar er þörf á 10 ára fresti gegn barnaveiki, stífkampa og kikhósta (dtp), Boostrix®. Ef það eru liðin meira en 10 ár frá bólusetningu þarf einstaklingur að fara í endurbólusetningu.

Starfsmannahjúkrunarfræðingur metur þörf fyrir bólusetningu í nýráðningarviðtali, bólusetur eftir þörfum og fyllir út bólusetningarvottorð ef allar bólusetningar eru í lagi. Bólusetning er á eigin kostnað velji starfsmaðurinn að fara á heilsugæslu.

Nafn: _____

Kennitala: _____

Dagsetning: _____

Staðfesting: _____

Vottorð þetta skal undirritað við ráðningu og fylgja ráðningarpappírurum til launadeildar. Einnig getur starfsmannahjúkrunarfræðingur Landspítala fyllt út vottorðið og sent launadeild. Mannauðssvið - sept. 2017